


Úfgeislar

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur

19. tbl. Nóv. 1978



Vér þurfum að lifa þannig, að auðveldara verði um samband við hina fullkomnari á öðrum jörðum. Er þar aðalatriði að læra að meta sannleikann.

Helgi Pjeturss

Tunglið

(Sjá forsíðumynd)

Tunglið er eini fylgihnöttur jarðarinnar, og er að því hin mesta fegurð og birtuaukning um nætur, þegar sólin hellir á það geislum sínum, sem þaðan endurvarpast til jarðar.

Pvermál tunglsins er rúmlega $\frac{1}{4}$ hluti af þvermáli jarðar, eða 3746 km. Efnismagn þess er $1/81$ hluti af efnismagni jarðar og rúmmál þess er $1/50$ hluti af rúmmáli jarðarinnar. Aðdráttarafl tunglsins er aðeins $\frac{1}{6}$ hluti af aðdráttarafli jarðar. Tunglið mun vera gjörsneytt öllu lífi. Sólarmegin mun hitinn verða nálaegt suðumarki en á myrkurhliðinni um 150 gráðu frost. Víða á tunglinu eru miklar sléttur og sumsstaðar eru djúpar sprungur. Þúsundir af gígum eru um allt yfirborð tunglsins, munu sumir þeirra hafa orsakast af falli loftsteina, en aðrir sennilega af elds-umbrotum. Gígar þessir eru af öllum stærðum, allt upp í 250 km í þvermál, og eru þeir umluktir klettaveggjum, sumum nokkur þúsund metra háum. Á miðjum botni gíganna eru sumsstaðar geysiháir klettadrangar. Út frá sumum gíganna liggja ljósar rákir langar leiðir í allar áttir.

Sléttur tunglsins eru dekkri á lit en ójöfnur þess, og áður fyrr héldu menn, að þarna væru höf, með vatni, líkt og er á okkar jörð. En nú er fyrir löngu vitað, að svo er ekki. Víða á tunglinu eru einnig miklir fjallgarðar með tindum, jafnvel allt að 8 þús. m háum.

Árið 1959 tókst að senda geimflaug umhverfis tunglið og sendi hún myndir til jarðar af bakhlið þess. Leyndardómurinn, sem frá upphafi hafði hvílt yfir þeim hluta tunglsins, var þar með ráðinn. Í ljós kom að bakhlið tunglsins er miklu þéttsettari gígum en sú hliðin, sem að jörðu snýr.

Teiknimyndin á forsíðu sýnir hluta af tunglgíg, þar sem hríkalegur kletturinn í miðjum gíg blasir við augum.

Ingvar Agnarsson.

Erindi og greinar

DÆMI LÍFSAMBANDA OG LÍFMAGNSFYRIRBÆRA

I.

Í Garðyrkjuritinu 1978 er lítil grein um fiðrildi, lauslega þýdd úr sænsku, og er þar sagt frá dænum varðandi ýmislegt hárteini þeirra, sem mér virðist benda til lífsambanda, öfugt við það, sem er haldið fram. Tek ég hér upp tvö þessara dæma, og er hið fyrra á þessa leið:

„Eini leikur fiðrildanna er ástarleikurinn. En heimurinn er stór en fiðrildin lítil. Ekki væri það nógu gott, að fiðrildi þyrftu að flögra um allt sumarið — ef til vill án þess að finna neinn. En náttúran hefir séð við því. Kvendýrið sendir frá sér sterka „ilmvatnslykt“, sem karlinum finnst ómótstæðileg. Maðurinn finnur ekki þesskonar lykt, en fiðrildið getur fundið hana í margra kílometra fjarlægð.“

Vísindamaður í Helsingfors hefir sagt frá fiðrildi, sem hann átti. Hann setti það í glas yfir nóttina og geymdi það við opinn glugga. Næsta morgun var fullt af biðlum kring um glasið. Petta var eins og í ævintýri, þar sem prinsarnir komu úr öllum löndum til hallarinnar, þar sem prinsessan býr. Og eins og prinsarnir óttast þeir engar hindranir, því að í annað skipti lokaði vísindamaðurinn öllum dyrum og gluggum og beið átekta. Er hann leit inn í herbergið nokkrum klukkustundum síðar, voru þar mættir hvorki meira né minna en níu kafalerar. Aðeins ein skýring var á því, hvernig þeim hafði tekist að komast inn í herbergið: Niður um arinreykháfinn.“

Síðara dæmið er á þessa leið:

„Vitni hafa skýrt frá einkennilegu atviki, sem þau urðu vitni að, er þau voru stödd á strönd N.-Afríku við Miðjarðarhaf. Ströndin, þar sem allt var upphorndað, var þéttvaxin þistlum. Á hverjum

stöngli héngu púpur þistilfiðrilda, sem voru að því komin að klekjast út. Eftir svo sem hálftíma tóku púpurnar að opnast og fiðrildin að skríða út. Eftir klukkutíma til viðbótar voru þau tilbúin til flugs.

Skömmu seinna lyftist hópurinn, eins og eftir skipun, og sveif eins og ský útyfir Miðjarðarhaf.“

II.

Það var einn morgun að vetrarlagi, þegar ég var á unglingsárum, að ég samkvæmt venju minni þá fór út í fjós heima hjá mér til einhverra starfa þar, og var þá í fylgd með mér maður, sem gist hafði um nöttina. Lét þá bolatarfur, sem bundinn var bar á einhverjum bás, venju fremur órólega, og sagði gesturinn sem var eftirlitsmaður í þá nýstofnuðu nautgriparsæktarfélagi í byggðarlaginu og áreiðanlega ekki hjátrúarfullur, að það sækti að bolsa og að bráðlega muni verða komið með kú í heimsókn til hans. Tók ég þetta víst ekki alvarlega, því að líklega hefi ég, þegar þetta var, ekki haft mikla trú á aðsóknum og öðru slíku. En bráðlega og áður en næturgesturinn var farinn, rættist þessi spá hans, og hefir það líklega orðið mér til slíkrar undrunar, að mér er þetta minnisstætt enn eftir nálega 70 ár. En hér var nú samt ekki neitt einsdæmi. Síðan þetta var hefi ég kynnst og heyrt sagt frá mörgum samskonar dænum, og hefir þá stundum fylgt staðfesting á því, að vegna gagnstæðis vindáttar hafi þefskynjan ekki getað komið til mála sem skýring. Og sé nú gætt að því, sem sagt er frá hér að framan í greininni sánsku, þá þykir mér sem niðurstaðan hljóti einnig þar að verða hin sama. Jafnvel þótt ilmvatnsskýringin hafi ekki verið tilbúningur einn, en hún byggðist ekki á mannlegri þefskynjun, þá nægir hún ekki. Hversu raunverulegur sem ástarilmurinn hefði verið, þá gat hann naumast borist út frá lokuðu glasi, og kynni því þarna að vera eitt dæmið um það, hve fráleitra skýringa menn grípa löngum til, þegar gengið er fram hjá hinu rétta. En sé hér hinsvegar horft út frá lífsamböndum eða lífgeislun, þá bregður undireins góðri birtu á þetta og einnig hitt, sem gerðist við suðurströnd Miðjarðarhafsins. Vegna lífmagn tengsla var það hópmagnanin, sem veitti hverjum einum getu og ratvísí langt fram yfir það, sem hann af einum saman eigin rammleik hafði yfir að ráða, og mun þar að auki hafa komið til greina ástæði við aðra hópa á enn öðrum

stöðum. Það er jafnvel ástæða til að ætla, að hópmögnun verði aldrei án slíks ástæðis. Og jafnvel þó að hinir ástleitandi „kafalerar“, sem gegnum arinreykháfinn komust, væru ekki nema nú, þá hygg ég, að eitthvað samskonar hafi orðið þeim til hjálpar. Hið sameiginlega markmið þeirra og margra annara, einnig á öðrum stöðum, gerði þá að þáttakendum mikillar mergðar og þá um leið þiggjendum mögnunar. Og nú kemur mér í hug nokkuð, sem mér hefir ekki áður í hug komið. Ég hefi séð orð á því haft, hve furðulega bruðlunarsöm náttúran sé, þegar um sé að ræða að halda við einhverri líftegund, sóun hundraðamilljóna sáðfruma, þar sem í hästa lagi ein nær tilætluðum árangri. Er þar að vísu um að ræða eitt dæmið um segulsamband hinnar gagnhverfu líftvenningar, að þessar frumur skuli dragast að eggfrumunni, en það sem mér nú fyrst kom í hug, er, að einnig þarna kunni þýðing hins marga að koma til að magna sigrandann.

III.

Í fimmta hefti „Samvinnunnar“ 1978 segir Björn J. Blöndal frá athugunum sínum varðandi svefn fiska og fugla, og eru þær til stuðnings því, að öllum lifendum muni vera nauðsynlegt að sofa. En eftirtektarverðast þótti mér þó það, sem hann segir frá í niðurlagi sínu um þetta efni. Var það þegar hann eitt sinn að vetrarlagi — það var á aðfangadagskvöldi jóla — sá hóp snjótittlinga, sem í skjóli höfðu þjappað sér saman til svefns. Segir Björn, að sér hafi þótt einkennilegast, að þeir virtust þarna teygja úr hálsunum svo að nef eins fugls hafi snert nef annars, og þykir mér hugsanlegt, að þar hafi verið um að ræða óvitbundna aðferð þeirra til aukinnar mögnunar af svefnneyzlu sinni. Mætti ætla, að þótt þessi athugun Björns megi víst heita einstæð, að ýmislegt skylt þessu kunni meðal þeirra að vera það ekki. Pví að séu þau ólíkindi hugleidd, sem í rauninni eru til þess, að þessir litlu og veikbyggðu einstaklingar, sem snjótittlingarnir eru, skuli yfirleitt lifa hinn íslenzka vetur, þá verður mikil ástæða til að ætla, að einhver hópmögnun komi þeim þar til hjálpar. Það er heldur ekki alveg laust við, að þrátt fyrir smákrit innbyrðis hjá þeim stundum, megi af ýmsum hreyfingum þeirra draga ályktun á þá leið. Hefi ég þar einkum í hug sumar flugsveiflur þeirra, þar sem hreyfing hvers eins verður samtímis mjög á sama veg og allra annara, og gæti slíkt naumast orðið án einhvers samvits eða líftengsla milli einstaklinganna. Og er nú ekki hugsanlegt, að þessi hópur snjó-

tittlinganna, sem Björn segir frá, hafi einmitt þetta helgikvöld að einhverju leyti orðið fyrir áhrifum frá honum sjálfum? Það þarf ekki að efa, að hugsambönd eða eitthvað þeim skylt eigi sér stað, ekki einungis á milli manna eða einstaklinga sömu lífategunda, heldur einnig á milli manna og dýra, og mun sérstök fiskni og aðrir veiðihæfileikar sumra manna að eiga rót sína að rekja til þess. Virðist þar vera um einhvern sérstakan hæfileika að ræða til að laða að sér og hugstýra, og þykir mér því hugsanlegt, að þaðan sem þessum smælingjum hafði nú verið veitt næring, hafi jólahugur veiðimannsins orðið þeim áhrifaríkur ekki síður en veiðihugur hans kann stundum áður og við aðrar aðstæður að hafa orðið.

IV.

Vafalaust hefir tilætlunin verið sú, að með kynsvelti því, sem munkar og nunnur skyldu á sig leggja, veittist einhver ávinningsur, enda mun stundum sú raunin hafa orðið. Eins og stífla, sem neyðir vatn til að leita hærra óss, er vel hugsanlegt, að skírlífið hafi stundum getað leitt til einhvers samskonar og yogaæfingar gera. Og nokkurri sönnun um raunveruleik meygildisins, eða magnsöfnunar vegna varðveislu meydóms, varð ég eitt sinn ásjáandi að, og skal það nú rakið sem eitt dæmi eftirtektarverðra lífmagnsfyrribæra.

Vorið 1936 fluttist ég ásamt fjölskyldu minni sem bóndi að Úlfsstöðum eftir eins árs búskap í Geirshlíðarkoti í Flókadal. Höfðum við þá meðal annars með okkur fáeinart hænur ásamt einum hana, sem við léturn saman við aðrar fáeinart hænur sem þar voru fyrir. Höfðu þær hænur þá lengi eða jafnvel alla sína tíð verið hanalausar, og voru því algjörlega eða sama sem ósnortnar meyar. En dæmið eftirtektarverðra er nú einmitt það, hve mikla lífmagnsfræðilega þýðingu það virtist hafa fyrir hanann að hitta þessar hænur, og varð þarna líkt og stífla hefði verið tekin burt. Gekk haninn á röðina, þar sem þær voru þessar ósnortnu meyar, og svalaði fýsn sinni á hverri þeirra aftur og aftur án þess að líta við sínum fyrri frúm. Veit ég nú ekki, hvort þessar aðfarir hans stöfuðu af því, að þessum hænum hafði fyrir einlifi sitt safnast einhver ofgnótt kynmagns til mótvægis við karleðli hanans, eða hann hefir skynjað hjá þeim ofurhungur og magnskort, sem hann þá vitanlega einungis til að þjóna sjálfum sér kepptist við að bæta úr. Það eitt, sem lá þarna ljóst fyrir, var afleiðing eða

áhrif þess, að hænurnar höfðu lengi verið án hana, eða spennan, sem sýndi sig þarna. Ég hefi fyrir löngu látið mér skiljast, að í heimi lífsins sé samleikur karl og kveneðlis hið sama og samleikur miðflóttu- og aðdráttarmagns er í heimi stjarnanna. Aldan og öldudalurinn þykir mér sem ævinlega hljóti að fylgjast að í verðandi allrar tilveru, og að það liggi því ljóst fyrir, að manni og konu beri aldrei að vera annað en þau raunverulega eru og að það sé skilyrði þess, að ekki hrapi það, sem áunnist hefir frá dýri til mans. Er hér kynnu nú einnig að mega sjá fram á það, að ákveðnar siðferðishömlur geti verið nauðsynlegar til varnar gegn slíku hrapi.

Porsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

MYR —

Kjarnyrði úr Grettissögu

Illt er ódrengjum lið að veita. (Grettir).

Slyngt yrði þér um margt, frændi, ef eigi fylgdi slysin með.
(Porsteinn, bróðir Grettis).

Pess verður þó getið, sem gert er. (Grettir).

Engi maðr skapar sik sjálfr. (Grettir).

Pau tíðkast nú in breiðu spjótin. (Atli, bróðir Grettis).

Svá skal böl bæta, að bíða annat meira. (Grettir).

Eigi skal skuturinn eftir liggja, ef allvel er róit í fyrirrúminu.
(Grettir).

Eigi er sopit, þó at í ausuna sé komit. (Grettir).

Munu nökkurir fá leiks mark, aðr en vér skiljum. (Grettir).

Pér þótta ek fast taka í taumana á Kili um summarit, er vit fundumst. (Hallmundur hellisbúi).

Hátt stígr höllum fæti Hallmundr í sal fjalla. (Grettir).

Sá er eldrinn heitastr, er á sjálfum liggr. (Gísli Porsteinsson, farmaður).

Lítíð verk ok löðrannligt. (Grettir).

Vínr er sá annars, er ills varnar. (Grettir).

Fleira veit sá, er fleira reynir. (Grettir).

SÖKNUDUR

Ástvinamissir og söknuður manna af þeim sökum, er sú lífsreynsla sem flestir þurfa að mæta á lífsleiðinni. Við skiljum vel þessar tilfinningar og okkur finnst þær eðlilegur þáttur í mannlegu eðli, jafnvel þótt við verðum að játa að þær kunni að nokkru leyti að vera blandaðar sjálfshyggu og egingirni.

Óvissa og vonleysi þeirra manna, sem engar vonir gera sér um framhaldslíf, hljóta að auka á þennan vanda, enda þótt tíminn lækni öll slík sár.

En þetta mál hefur fleiri hliðar en þær sem snúa að syrgendum sem eftir standa. Meðal fólks sem trúir á framhaldslíf, að maður ekki tali um fólk sem hefur leitað sér nokkurrar fræðslu um það sem við tekur er við flytjum héðan, ætti að gegna nokkru öðru máli. Tilfinningarnar eru að vísu þær sömu, en yfirsýnin um það sem er að gerast og vitundin um að hér er um stundarfyrirbrigði og stundaraðskilnað að ræða, ætti að kyrra tilfinningarnar og minna okkur á það að við erum ekki ein í heiminum. Það kann að vera að okkar sorg snerti líka þann sem syrgður er og valdi honum erfiðleikum. Samband okkar Nýalssinna við framlíffshnetti, bendir eindregið í þá átt, þótt ófullkomíð sé. Vil ég í því sambandi skýra frá eftirfarandi reynslu minni.

Fyrir tæpu ári síðan fékk ég allgott miðilssamband við góð-kunningja minn, sem var kvaddur héðan snögglega, þá staddur í fjölmennu samkvæmi. Eftir að hann var búinn að lýsa fyrir mér skilmerkilega aðkomunni á nýjum stað og móttökum þar segir hann: „Það var eitt sem kom mér sérstaklega á óvart, það var hve greinilega ég skynjaði til jarðarinnar til þess fólks sem ég hvarf frá. Sorg þess og eftirsjá verkaði sterkt á mig fyrstu dagana og bókstaflega eins og togaði í mig og olli mér truflun og þjáningu. Fólk má ekki syrgja svona. Enda er þetta ekki harmsefni.“

Mér hefur oft síðan orðið hugsað til þessara ummæla, ekki síst fyrir þá sök að öll frásögnin bar með sér þann blæ að hún hefði komist óvenjuvel til skila.

Ef allt er eðlilegt og með sárafáum undantekningum er fæðing barns hér á jörð öllum hlutaðeigendum mikið fagnaðarefní.

Flutningur milli hnatta er einnig fagnaðarefni þeim sem á móti taka og farþeganum ættu að fylgja héðan af jörð hlýhugur og árnaðaróskir um nýjan stað og nýtt starf, en ekki þrúgandi sorg.

Gunnar Grímsson.

SAMBANDSPÆTTIR

Að undanförnu hafa birzt í blaði félagsins, Lífgeislum, greinar eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum, sem fjallað hafa um svipsýnir, líkamninga, skyggni o. fl. þessu skylt. Þorsteinn leggur áherzlu á, að skyggfir „sjái“ oft með lokuð augun og sé það til marks um að um sambandssýn hljóti ávallt að vera að ræða, þegar svo standi á. Hér er rétt að benda á, að sé það rétt, að sjá einungis skyggfir svipinn þá hljóti að vera um fjarsýni að ræða, sýn með hjálp sýngjafa — sambandssýn, þá þýðir það það sama og að segja að skyggni sé fjarsýni. Ég skal ekkert fullyrða um þetta strax en get hinsvegar vel tekið undir með P. J. að mörg dæmi eru til um það, að skyggnt fólk „sjái“ það, sem fyrir það ber, með lokuð augu eða þá jafnt með opnum sem lokuðum, þó hef ég lesið um fólk sem segir að skyggni-sýnir þess skýrist betur loki það augunum. Rétt sem eitt dæmi af fjölmögum má nefna það, að á sínum tíma hélt hinn nafnkunni miðill, Hafsteinn Björnsson, skyggnilýsingar sínar þannig að hann snéri hnakknum í fundargesti, en lýsti þó því, sem honum fannst gerast í salnum fyrir aftan sig. Samkvæmt skoðunum P. J. um skyggni ætti allt það, er miðillinn lýsir, að vera fjarséð þar eð enginn óskyggn í salnum sér það sem miðillinn sér. Vík að þessu síðar.

Pegar draga skal ályktanir af frásögnum fólks af því, sem fyrir það hefir boríð, skiptir öllu máli að nógu nákvæmlega sé frá sagt. Það verður að segjast eins og er, að það þýðir ekkert að taka mark á skoðunum fólks, fjöldans, á því sem fyrir ber, ef ýtrstu nákvæmni í frásögn er ekki gætt. Tökum sem dæmi sólfgangið. Ef taka átti mark á því, sem flestir ályktuðu, þá var það sólin sem snerist í kringum jörðina, en ekki jörðin í kringum sólinum. Finnist mönnum ósanngjarnt að taka svona erfitt dæmi, lítum þá á t. d. draumana. Par hafa flestir jafna aðstöðu til að dæma um. Allir segja frá draumum og halda að það sé enginn vandi, en það er mikill misskilningur. Vandmeðfarnari frásagnir fyrirfinnast varla. Það er vegna þess, að svo mikið er um misskilning, missýningar og rangtúlkanir í draumum. Petta geta allir komið að raun um með dálítilli, en samt nákvæmri athugun.

Nú ætla ég að segja í örstuttu máli frá draumreynslu, sem skýrir betur við hvað ég á. — Mig dreymdi að ég svifi og fylgdi þeim draum þessi tilfinning, sem slíku fylgir oftast, einskonar sterk straumtilfinning en þó svo einkennilega annarleg, að sá sem einu sinni hefir fundið slíkt getur ekki villst á því aftur. Mér fannst ég vera að svífa í átt að húsi því, sem ég hafði búið lengst af í hjá foreldrum mínum. Ég þóttist svífa að glugganum á svefnerbergi foreldra minna og hugsaði e-ð á þá leið, að nú skyldi ég sýna móður minni, að ég gæti víst svifið. Kem ég nú þarna að glugganum, á annarri hæð hússins, og er hann krækтур aftur með stormjárninu, hálfopinn. Fannst mér mikið liggja við að vera fljótur að opna gluggann og komast inn. Segir ekki meir af þessu. Pellar ég vaknaði og fór að rifja upp drauminn uppgötvaði ég, mér til mikillar furðu, að ég gat ekkert fundið í draumnum sem væri ósamkvæmt raunveruleikanum. Mér fannst vera um sömu götu að ræða og sama hús, sömu móður og sama glugga. Allt virtist vera eins og í vökuveruleikanum.

Samkvæmt reynslu minni af draumum sem nýalssinni gat betta ekki staðist og ég fór því aftur yfir drauminn í huganum og aftur og aftur. Loks, þegar ég rifjaði upp hvernig ég kom að glugganum, þá mundi ég allt í einu greinilega að opið, gáttin á glugganum, snéri að mér, er ég kom niður götuna, en það er ósamkvæmt rauninni, því að glugginn opnast í hina áttina. Það var ekkert um að villast, svona var þetta, en nú brá svo við að ýmislegt fleira fór að skjóta upp kollinum sem ekki bar saman við raunveruleikann, svo sem að við götuna voru sérstakir ljósastaurar, sem voru ekki neitt líkir hinum raunverulegu o. fl. o. fl.

Það kom sem sagt í ljós, að vettvangur draumsins var alls ekki sá sem í raun og veru er á þessum stað og hlaut því að vera einhvers staðar annars staðar.

Og enn ætla ég að bæta við til glöggunar á því hversu afar nauðsynlegt það er að rifja rétt og nákvæmlega upp, þegar sagt er frá því sem fyrir ber.

Í bókinni „Hafsteinn Björnsson, miðill“, kemur fram þessi frásögn í lausum dráttum. — Hann sér togara (skyggnisýn) farast með öllum um borð; síðan skiptir um sjónsvið og hann sér þar sem hínir framliðnu sigla hraðbyri til strandar og þar eru framliðnir ættingjar að taka á móti þeim. Lýsing er á fögru umhverfi o. s. frv. og ekki ólíkt og í mörgum svona framlífslysingum, en svo segir Hafsteinn — að hann hafi verið að dást að fögru sólsetrinu þarna

en þá hafi sér orðið litið til gagnstæðrar áttar og þá séð, sér til mikillar furðu — að önnur sól var þar að rísa upp á himininn.

Hér er það *nákvæmni* frásagnarinnar sem ræður úrslitum um hvaða *ályktun* megi draga af henni, eða að minnsta kosti hvaða *ályktun* megi *ekki* draga af henni, nefnilega þá, að þessi staður sem Hafsteinn sá hafi verið hér á jörð, af ástæðum sem hver maður ætti að geta séð.

Og þá er ég kominn að hinu eiginlega tilefni þessarar greinar sem er frásögn Sigríðar Guðmundsdóttur í síðasta blaði Lífgeisla (18) af sýn hennar og bróður hennar austur á Hornafirði fyrir nokkrum árum. Var þar um að ræða svip vinkonu móður hennar frá æskuárum hennar sjálfrar.

Mér finnst þessi frásögn bera vott um hæfileika til að segja satt og rétt frá og engin óþarfa skruðmælgi. Skal ég strax víkja að efninu. — Þau sjá bæði, svipinn, þar sem þau eru að ganga upp stiga. Peim sýnist svipurinn ganga upp stigann á undan sér. Nú hefði verið mjög gott að fá að vita hvort einhver annar við-staddur sá svipinn *ekki*, enda þótt hann hefði átt að gera það greinilega. Ef svo hefur verið þá hefur verið um skyggni-sýn að ræða hjá þeim systkinunum. En nú skilst mér af frásögninni, að ekki hafi verið um fleiri þarna að ræða, en samt má bæta úr því, eða hefði verið hægt, ef það hefði verið athugað strax. Með nákvænum samanburði á sýn systkinanna hefði mátt fá úr því skorið, hvort svipurinn var þarna á staðnum eða ekki. Með því að bera saman frá hvaða sjónarhorni hvort þeirra um sig þótti hann vera í mikilli fjarlægð frá sér, hefði mátt staðsetja svipinn með nokkru öryggi. Eins hefði verið afar þýðingarmikið að fá að vita hvort þeim fannst svipurinn fjarlægjast eða nálgast sig eða vera alltaf í sömu afstöðu til sín. Þetta skal ég útskýra nánar en bið menn að nota vel greind sína. — Ef sá skyggni sér svipinn vegna sambands við sýngjafa (með hans augum), þá er ljóst að *afstaða hans til svipsins ræðst af afstöðu sýngjafans til svipsins*. Pannig ætti hinum skyggna að finnast svipurinn alltaf vera í sömu fjarlægð frá sér, ef fjarlægð sýngjafans frá svipnum helzt óbreytt, enda þótt sá skyggni gangi í þá áttina sem hann sér svipinn. En samkvæmt ótal frásönum þá virðist þetta vera á hinn veginn farið. Sá, sem sér svipinn, getur nálgast hann eða fjarlægst, alveg eins og þeir séu báðir á sama stað.

Ég gæti sagt frá mörgu fleiru sem mér finnst benda til þess, að þegar menn sjáí svipi, annaðhvort nýdáinna manna eða nærrí

dáinna, þá sé sá svipur hér á jörð, *þrátt fyrir* að einungis sá skyggni sjái svipinn.

Par með er ekki sagt að ekki geti verið um samband við lengra komna að ræða. Hvers vegna skyldi ekki geta verið um að ræða eitthvert það eðli efnisins sem einungis þeir lengra komnu fá skynjað, hvers vegna geta þeir skynjað innri líffæri mannsins svo eitthvað sé nefnt, — en svo getur sá ófreski skynjað þetta sama eða svipað með þeirra hjálp, fyrir sakir óvenjulegrar lífmögnunar.

Á eftir þessari frásögn Sigríðar Guðmundsdóttur kemur hugleiðing eftir Þorstein Guðjónsson, sem mér þótti ánægjulegt að sjá, því að þar fer hann all-líkum orðum um sumt í sambandi við þessi mál, og ég hefi gert áður. T. d. í bréfi, sem ég skrifaði Þorsteini Jónssyni haustið 1975, sagði ég e-ð á þá leið, að jafnframt því sem nýi líkaminn væri að myndast á öðrum hnerti gæti komið fram hér á jörð, á afslvæði eftirlifendanna, einhver svipur þess sem væri að gerast á framlífshnettinum. Og í grein minni „Entelekhían“ sem birtist í Lífgeislum '77 kemst ég svo að orði: „En þegar svo sérstaklega stendur á, að maður er að dauða kominn eða er í ástandi sem minnir á dauða-ástand, er eins og komi eitthvert los á afslvæðið og það er eins og togist á, hvort það haldist við hér á jörð eða hverfi til annars hnattar“. En P. G. segir í sinni hugleiðingu: „Svipurinn var fyrsta tilraunin til endurlíkómunar . . .“, „Viðleitnin til endurlíkómunar hennar er farin að taka á sig ákveðna mynd á afslvæði vina hennar hér á jörð og ef til vill einnig á framlífsjörð“. (undirstr. mínr).

Þorsteinn Jónsson hefir hér aftur á móti nokkuð aðra skoðun. Í grein sinni „Áréttung gamalla athugana“ Lífgeislum (3. tbl.), segir hann: „En samkvæmt frásögnum af framkomu líkamninga virðist byrjunin þar jafnan vera móða eða þoka, sem síðar taki á sig mynd eða svíp. Svipurinn eða myndin virðast þannig ekki vera vísirinn, heldur móðan eða þokan, og hefi ég áður bent á þetta“. Og á öðrum stað (Árur og andlátsgerfi) segir P. J.: „Andlátsgerfin þykir mér því langlíklegast að séu *einungis fjar-skynjanir* í sambandi við það, sem varðandi hinn deyjandi einstakling er þá að gerast en að sjálfum honum óafvitandi“ (undirstr. mínr.).

Eins og ég sagði, þá er ég ánægður að sjá, að fleiri en ég hafi þá skoðun, að sá framlíðni eða nærrí dáni geti komið fram sem svipur á öðrum stað en hans eiginlegi líkami er staðsettur, en ég er ekki viss um, að P. G. fallist á, að sjái enginn svipinn, nema

sá skyggni, þá geti hann samt verið hér á jörð (eða annars staðar en hans eiginlegi líkami er), en ég er viss um að það gerir Þorsteinn Jónsson ekki. Hann segir að sjái hann sjálfur ekki svipinn þar sem sá skyggni sér hann, þá hljóti sá svipur að vera sambandsséður, þ. e. fjarséður. Í grein sinni „Út úr þokunni — gegn dulrænunni“ Lífgeislar (16. tbl.) segir hann: „Byrjunin til líkömunar mun ævinlega vera efnun, og er því naumast ástæða til að gera nokkru sinni ráð fyrir ósýnilegri nálægð látinna manna eða annarra. Hafi einhver séð svip framlíðins manns án þess að hann hafi þá verið öðrum sýnilegur, þá hefir sá svipur verið honum sambandsséður, sem er ævinlega hið sama og að hafa verið fjarskynjaður“. Hér held ég að allir geti verið mér sammála um að P. J. á við að svipurinn hljóti að vera á öðrum stað en sá skyggni, ef ekki allir geti séð hann. En hvað með svipinn sem umrædd systkini sáu? Hann hefir þá ekki verið þarna í stiganum hjá þeim, nema hann hafi verið líkamningur, en ekki ætti það að geta verið samkvæmt skoðunum P. J. Því að þá hefðu þau fyrst átt að sjá e-k þoku eða móðu. Þarna eru þeir Þorsteinarnir greinilega ekki á sama máli, því að P. G. segir svipinn hafa verið viðleitni til endurlíkömunar á aflsvæði vina hennar (sem svipurinn var af) hér á jörð. Ég er ekki hér að benda á þessa mismunandi skoðun þeirra P. J. og P. G. á svipsýnum til þess að gera mikið eða lítið úr neinu, ég er aðeins að sýna fram á, að þegar þeir menn sem einna mest hafa kafað í nýölsk fræði eru ekki sammála um einhvern þátt þeirra, þá er sá þáttur áreiðanlega mjög áhugaverður. En er nú víst að svo mikið beri á milli skoðana okkar í þessum málum, eða hvað segir sjálfur Helgi Pjeturss um þetta sérstaka mál — svipi og skynjanir skyggna?

Í greininni „Leiðin fram“ í Nýal segir hann: „*Það er fyrir magnan frá fullkomnari meðvitund, sem miðillinn „sjer“ í salnum það sem hann kallar anda framlíðinna, en þar mun vera um nokkurskonar útstreymi að ræða (emanation), mjög fjarrænt eða stafandi frá verum í mikilli fjarlægð. En þó er útstreymi þetta einnig fram komið fyrir ábrif þeirra sem á fundinum eru, — og mótað af þeim*“. — Mér finnst sem þetta sé mælt mér beint úr huga og er innilega sammála þessum orðum, en auðvitað er við því að búast að sá höfuðsnillingur sem ritað hefir Nýal geti í fám orðum sagt það, sem ég er að bögglast við að segja í mörgum og þó lítt skiljanlegum.

Vilji P. J. enn halda því fram að þarna sé einungis um fjar-

sýni til annars hnattar að ræða (af því að einungis sá skyggni sér svipinn) þá skilur hann orð Helga Pjeturss á annan veg en ég.

Alt öðru máli gegnir þegar skyggnt fólk segist sjá huldufólk. Þar er um greinilega fjarsýni að ræða enda fylgir þá með frásögninni að allt annað umhverfi hafi fylgt sýninni. Og því legg ég áherzlu á þetta: Fylgi með svipsýninni ekkert annað umhverfi, og geti sá skyggni, sem sér svipinn, nálgast hann eða á annan hátt breytt afstöðu sinni sjálfur til svipsins, þá tel ég að bæði sá er sér svipinn og svipurinn sjálfur séu á sama stað, enda þótt einungis sá skyggni sjái svipinn.

Í ljósi þess sem hér hefir verið frá greint langar mig að tengja saman það sem kemur fram í grein Ingvars Agnarssonar, „Lífeislalækningar“ í Lífgeislum (17. tbl.), og það sem við höfum haldið fram, P. G. og ég, að svipur manns sem staddur er á öðrum hnetti geti komið fram hér á jörð.

Pegar skyggn lækningamiðill sér framliðinn lækni við hlið hins sjúka þá má vera, að hinn framliðni læknir sé að gera læknis- aðgerð á ástæðingi (e-k miðill) þess sjúka hér á jörð, *jafnframt* því sem nokkur svipur þess, sem fram fer á framlífsnettum, framleiðist hér á jörð, fyrir fjarrænt útstreymi þeirra lengra komnu, en um leið mótað af þeim sem mynda afslvæðið hér á jörð. Ef þetta væri svona, þá ætti hinn skyggni að lýsa þessu e-ð á þessa leið: „— Ég sé sjúklinginn sitja í stól fyrir framan mig og nú kemur læknirinn (framliðinn) og fer að fást við hann með einskonar geislum en nú breytir allt í einu um sjónarsvið, nú er sjúklingurinn komin upp í rúm og læknirinn er ekki lengur einn, nú er fleira fólk og margt en öðruvísi, t. d. er læknirinn núna í einhverri hvítri yfirhöfn en áðan var hann í venjulegum fötum með læknatösku“. En það er einmitt oft á þennan hátt sem svonalagaðar lýsingar eru.

Læt ég nú þessar hugleiðingar nægja í bili en vil bæta því við, að mér finnst það andstætt eðli tökhyggunnar að vilja endilega staðsetja fyrirbæri útfyrir jörðina sem flest bendir til að séu einmitt á jörðinni, einungis vegna þess að svo kann að virðast nauðsynlegt til þess að fyrirframmótum skoðun standist. Hitt er allt annað mál, að samband þess sem í raun gerist á öðrum hnetti við það sem hér gerist einnig með nokkrum hætti, er líklegast miklum mun flóknara en við gerum okkur neitt nálægt því nógu vel ljósa grein fyrir enn sem komið er.

Og mikils þótti mér um vert, að er ég var í sem mestum

vandræðum með að skilja neitt í þessu, þá varð fyrir mér hin tilvitnaða málsgrein H. P. í ritgerð sem einmitt heitir „Leiðin fram“, en það varð til þess að ég hugsaði, að ef eitthvað greiddist úr þeim málum, sem hér hafa lítillega verið rakin, þá yrði „leiðin fram“ fyrir lífstefnuna hér á jörð e-ð auðrataðri.

P. S. Mér finnst rétt að taka það fram, að hér áður fyrr, þegar ég var að velta þessu fyrir mér, þá minntist ég stundum á þetta við Svein Haraldsson, miðil, hvort það væri nú alveg víst, að það sem hinn skyggni „sæi“ væri endilega allt og eingöngu á öðrum hnetti (þessu var stíft haldið fram af eldri nýalssinnum), þá nefndi hann gjarna þessar setningar Helga Pjeturss í ritgerðinni „Leiðin fram“ og efast ég ekki um að það hefir greitt fyrir því að hin rétta merking þessara hugsana náðu að koma fram í huga mínum, þegar ég þurfti mest á að halda.

Kjartan Norðahl.

M Y R —

Kjarnyrði úr ritum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum.

Sérhvað einstakt, sérhvað takmarkað í tíma og rúmi, hlýtur að eiga frumorsök sína fyrir utan sig. Ekkert takmarkað er sjálfu sér nóg til þess að vera og hafa orðið til, og því getur ekkert verið til án þess að vera hluti ótakmarkaðs heims. *Tunglsgeislar.*

Líf þessarar jarðar getur ekki verið einstakt eða án sambands við líf annarra jarða. *Tunglsgeislar.*

Vissulega svarar sála mannsins ekki til hins staðbundna efnis, heldur til þess kraftar, sem flyst frá einni stjörnu til annarrar, og er út frá því sjónarmiði séð ekki um neinn lokaðan hring að ræða, heldur eilífa hækkun og þáttafjölgun. Má þaðan sjá, að sérhvað, sem orðið er, leiðir til annars nýs, án þess þó sjálft að þurfa að hverfa úr sögunni. *Tunglsgeislar.*

SVAR VIÐ GAGNRÝNI OG FLEIRA

Einn af miðilshæfileikum hinnar ensku konu, Eileen Róberts, sem í síðastliðnum nóvember var hér á vegum Sálarrannsóknafélags Íslands, kvað vera skyggni á „árur“ fólks, og hefir hún víst oft sannað raunveruleik þess hæfileika síns. Sagði mér Sveinn Haraldsson, sem viðstaddur var á einhverjum fundi hennar, að hún hafi þá séð af „ár“ manns nokkurs, sem þarna var og veikst hafði fyrir löngu af lungnaberklum, að þetta hefði komið fyrir hann. Voru það ör eða aðrar slíkar eftirstöðvar í lungum manns þessa, sem „áran“ frá honum sýndi eða færði henni vitneskju um þetta.

En hvernig sá hún þetta?

Einhverntíma, þegar tækifæri gafst þarna á fundinum, sagðist Sveinn hafa fengið annan mann til að koma á framfæri við hana þeirri spurningu, hvort hún sæi þetta með opnum eða lokuðum augum, og hafði þá svar hennar verið, að slíkt skipti ekki máli, hún sæi þetta jafnt með lokuðum augum og opnum. Hafði þá Ævar R. Kvaran, sem þarna var viðstaddur, kannast við, að slíkt væri ekkert fágæti, að miðlar sæju með lokuðum augum, og spurt frúna eitthvað á þá leið, hvort það væri þá ekki þriðja augað, sem hún sæi með. En ekki hafði hún viljað fallast á slíkt. Sagðist hún sjá frá sér á alla vegu jafnt og engu síður aftur fyrir sig en fram, og skildist Sveini helst, að henni fyndist þetta með einhverjum hætti vera hugskynjað.

Það var nálega samtímis en þó örlitlu fyrr en Sveinn sagði mér þetta, að ég frétti um gagnrýni af hálfu Kjartans Norðdahls varðandi eitthvað, sem ég hefði haldið fram, og vissi Sveinn ekkert um það. Kom mér því þessi frásaga hans sem skemmtileg tilviljun, og til stuðnings skilningi mínum einmitt þeim, sem ég get búist við að ýmsir séu tregir til að fallast á. Sýndi sig hér, að ég hefi þar engu haldið fram án ástæðna eða þess, sem reynst hefir, og væri því ekki rétt að segja, að hjá mér sé aðallega um fyrirframsannfæringar að ræða studdar fyrirframhugsuðum lög-málum eða reglum. Pannig eins og rak ég mig á það, að „skyggan“ hafi ekki verið augnhæfileiki þess manns, sem ekki gat losað sig

við óþægilega skyggnisýn sína með því að breiða sæng yfir höfuð sér, en frásögu af slíku las ég fyrir löngu í andatrúarriti nokkru. Prátt fyrir það að hafa þá tileinkað mér þann skilning, að svefninn sé sambandsástand og draumar ekki faldir í því, að „sálin“ sé á sveimi utan við líkamann, varð mér ekki sambandseðli skyggninnar ljóst fyrr en þetta og þá um leið, að þar er um framhald að ræða af þeirri höfuðuppgötvun, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulífs annars. Var framhald af henni, þar sem Helgi Pjeturss segir á einum stað í Nýal sínum, að miðilsástandið, hvort heldur sem miðillinn sé sofandi eða vakandi, þ. e. vitandi af sér að nokkru, sé sambandsástand. Og þó að hann tæki það ekki fram, þar sem þetta stendur, að það séu aðeins fjarsýnir, sem miðillinn þykist sjá í fundarsalnum, þá þykja mér miklar líkur til að svo sé ævinlega. A. m. k. þykir mér sem óhætt muni vera að fullyrða um að svo sé, þegar miðillinn sér með lokuðum augum.

Mjög er ég sammála K. N. um það, að mikil nauðsyn sé að gera sér ævinlega sem réttasta grein fyrir hverri þeirri staðreynd, sem reynt er að skilja, og að erfitt geti þó slíkt verið, meðan ekki er á rétta skilningsleið komið. Var frásaga hans af svifdraumi sínum eða þeim örðugleika, sem þar var við að eiga í þessu efni, gott dæmi. Og vel gæti ég líka fallist á það til aðgreiningar sambandssýna og raunverulegra svipa eða líkamninga, ef takast mættu athuganir slíkar á umhverfi, sem hann talar um. Veit ég um eitt slíkt dæmi, en það var þannig, að ungar maður var á gangi úti á víðavangi og sá þar mann fara á undan sér. Tók þá ungi maðurinn að greikka sporin og reyna að hlaupa uppi þennan fyrifarfa sinn, sem honum þótti eitthvað undarlegt að sjá þarna á undan sér. En slíkt reyndist vera árangurslaust. Fyrifarari þessi virtist alltaf vera nokkurnvegginn jafnlangt á undan, hvort sem ungi maðurinn hraðaði göngu sinni eða ekki, og hélst svo þar til fyrifarinn allt í einu hvarf og sást ekki meir. En þó að fallist á, að slíkt sem þetta beri að líta á sem einkenni sambands-sýna, þá held ég því fram eftir sem áður, að raunverulegir svipir eða líkamningar byrji jafnan sem þoka eða móða, sem svo taki á sig ákveðna mynd. Er það að nokkru leyti vegna þess, að um slíkt er ekki getið í frásögu Sigurlaugar Guðmundsdóttur, að mér þykir líklegra, að þar hafi aðeins verið um hugsýn að ræða, leiftur skynminninga þeirra, sem „sáu“, og þá að sjálfsögðu framkomið eða vakið fyrir samband við hana, sem hugsýnin tilheyrði og á umskiptastundu hennar. Og vilji nú K. N. eða einhver annar

halda því fram, að það afsanni þennan skilning minn eða tilgátu, að sýnin var séð af tveimur í einu, þá fer fjarri því, að svo sé. Ég veit áreiðanleg dæmi þess, að tvennt hafi samtímis og á sama stað skynjað það, sem aðeins gat borist þeim fyrir samband og verið sambandsskynjað.

,Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum“, segir Helgi Pjeturss í upphafi Nýals síns. Og hvernig skyldi hann svo hafa séð fram á, að þessi hugsun, sem segja mátti með svona fáum orðum, verður upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins en orðið hafa um allar aldir áður? Mér sýnist það liggja ljóst fyrir. Petta, sem sagt er þarna, er meginleiðréttung, umskipti til stærri nýungar en nokkru sinni áður hafði átt sér stað. Í stað þúsunda ára fálms í dulrænu og ósæi er þarna horfið til raunsæis, þar sem aldrei framar verði endanlega sæst á óljósar og flóknar niðurstöður. Réttar niðurstöður eru ævinlega, hvað aðalatriði snertir, einfaldar og ljósar.

K. N. segir nærrí niðurlagi „Sambandsþátta“ sinna: „... samband þess sem í raun gerist á öðrum hnetti við það sem hér gerist einnig með nokkrum hætti, er líklega miklum mun flóknara en við gerum okkur neitt nálægt því nógu vel ljósa grein fyrir enn sem komið er“, og gæti ég hér fallist á, ef átt væri við, að margs beri þar að gæta. En þarna sem annarsstaðar held ég að flækjur eigi ekki við hinn rétta skilning, heldur misskilninginn, sem án þess að vera leiðréttur, verður jafnan því flóknari sem menn velta honum meira fyrir sér. Samkvæmt fréttum frá hinum góðu stöðum er það auk góðvildarinnar einkum hinn ljósi og einfaldi skilningur á fyrirbærunum, sem gerir þá staði góða. Það er fjölbreytnir en ekki flækjan, sem mér skilst að heyri guðsríki til.

Porsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

TIL BURDLÍKS

ENN streyma hugsanir héðan frá okkur til þín, og er nú frá því að segja, að slík hugsun sem við eיגum saman, er nú farin að mega sín nokkru meira en áður, víðsvegar um þessa jörð. Fyrir rúnum tveim árum jarðneskum tókst einum okkar að koma út bók á tungumáli því, sem öðrum fremur telst vera heimsmál á þessum hnetti. Bókin var auðvitað um stjörnulíffræði, þessi vísindi, sem okkur stjarnvitendum eru sameiginleg. Nokkra útbreiðslu hefur bókin fengið, og vaxandi, þrátt fyrir ýmsar hindranir, og stilliáhrifa er farið að gæta af völdum hennar. Greiðzt hefur nokkuð úr fyrir höfundi hennar og hann fengið ýmis tækifæri, sem ekki var um að ræða áður. Það er nú nýjast að hann komst í samband við stjarnhugsandi menn í landi þar sem býr þjóð skyld þeirri sem hér er, en miklu fjölmennari. Sú þjóð hafði beðið ósigur í síðustu stórstýrjöldinni, og hefur henni verið margt borið á brýn síðan. Íslendingurinn hafði aldrei komið þarna fyrr, og hann gladdist af því að komast að raun um, hve vel þeir hafa sigrazt á afleiðingum styrjaldarhugarfartsins. Auðsætt er að hugsjón friðarins er þar sterkust og tengist hún stjarnhugsun.

Hinir stjarnhugsandi menn í fjölbryggða landinu eru lærisveinar vitrings eins, sem nýlega er láttinn, og munaði þó ekki nema nokkrum mánuðum, að Íslendingurinn næði að hitta hann í fullu fjöri. En vitringur þessi hafði þá nýlega sent frá sér bók um *Guðina á Síriusi*, og eins og nafnið ber vott um, taldi hann sér þetta vera komið frá íbúum Síriusar-jarðstjörnu, langt komnum á fullkomnunarleið. Íslendingurinn létt sig ekki muna um að snara bókinni á móðurmál sitt og kosta útgáfu hennar, því að hann sá vel hversu heillavænleg áhrif hennar gætu orðið.

Við, stjarnvitendur hér á jörð höfum að vísu um tíma talið að einmitt í því sólhverfi, sem nú var nefnt, væru þín heimkynni, sem við vitum vel, að eru ekki nógu vel á vegi stödd. Vegna skorts á fjarsýnum hefur okkur ekki auðnatz að sannprófa það, sem talazt hefur í sambandinu hvað þetta varðar. En svo er að sjá sem stjörnūvitringurinn í hinu landinu hafi stuðzt við greinilegar, ótvíraðar sýnir, og sé því mikil ástæða til að treysta niðurstöðu hans. Væri þess nú óskandi, að þú og við gætum skipzt á glöggum, traustsverðum himinsýnum, svo að okkur verði með öryggi unnt að finna hvorir öðrum stað, í víðáttu geimsins.

Jarðarbyggi.

NEUES DENKEN — NÝ HUGSUN

heitir tímarit sem er að byrja að koma út í Pýskalandi, um málefni í ætt við þau sem Nýall fæst við og fylgjendur Nýals.

Eins og ég hef stundum minnst á, og margir hafa orðið varir við, þá hefur á ýmsan hátt orðið breyting að undanförnu á afstöðu vísindamanna erlendis til málefna eins og hugsambands, miðilfyrribæra, lífs á öðrum hnöttum og sambands við það, yfirleitt til ýmsra fyrribæra sem áður voru nefnd ýmist dulræn eða óhugsanleg. Af þessari breyttu afstöðu margra vísindamanna hefur leitt aukinn almennan áhuga og bætt skilyrði til útgáfustarfsemi um þessi efni. Í Bandaríkjunum og víðar hefur þessi þróun þegar orðið. En í Pýzkalandi eru það nú fylgjendur hins ágæta rit-höfundar og sambandsmanns K. O. Schmidt's sem nú eru að hefjast handa um útgáfu tímarits af þessu tagi, sem ég efa ekki að verður gott tímarit og menningarlegt, jafnframt því að það hefur það í sér að ná útbreiðslu og hafa áhrif. Óskandi væri nú að slíkt rit fái nokkra, og helzt sem mesta, útbreiðslu hér á landi, enda væri ekki vanzalaust að menn létu með öllu fram hjá sérfara, þróun sem er að verða í þessa átt í einu áhrifamesta landi jarðarinnar, og því sem á ýmsan hátt stendur okkur Íslendingum nær en mörg önnur.

Í fyrsta hefti NEUES DENKEN, sem kemur út nú í janúarlok, verður m. a. minnst á bókina *Astrobiology* eftir undirritaðan, og ekki er vafi á því, að sönn íslenzk viðleitni mun þarna eiga greiðan aðgang í framtíðinni.

NEUES DENKEN kemur út 6 sinnum á ári, og er 27 lesmáls síður auk auglýsingasíðna. Ritstjóri er A. R. Walther, höfundur bókarinnar *Lebensmeisterung durch Psychodynamik*. Ársáskrift er DM 24,00 (Kr. 4.200) og sendist til H. u. B. Breiden, Marienthalerstrasse 163, 2000 Hamburg 26 — eða (í ísl. kr.) til undirritaðs.

Þorsteinn Guðjónsson.

PORIR AÐ TRÚÁ Á FRAMHALDSLÍF

Dowding lávarður var yfirforingi flughers Bretta í seinni heimsstyrjöldinni. Hann varð ekki gripinn af því grimmdaræði, sem margir hershöfðigjar voru þá haldnir af, að útrýma andstæðingunum með öllum ráðum. Pvert á móti blöskraði honum að horfa upp á manndrápin, og hann fór að velta fyrir sér þeirri brennandi spurningu, hvort öllu væri lokið með dauðanum eða hvort allir hinir föllnu ættu lengra líf fyrir höndum. Og hann leitaði á fund miðla til þess að fá þeirri spurningu svarað.

Pað vakti almenna undrun, er hann lýsti opinberlega yfir því, áður en striðinu lauk, að hann hefði fengið óyggjandi sannanir fyrir því, að maðurinn lifir þótt hann deyi. En hann létt sér það ekki nægja, heldur ferðaðist hann viðsvegar um Bretland veturninn 1944 og flutti fyrirlestra um lífið eftir dauðann. Þótti það viðburður, að maður í hans stöðu skyldi verða málsvari spiritismans.

Hann sagði margar sögur frá reynslu sinni, og í Cardiff sagði hann þessá sögu, sem mörgum þótti merkileg. Hann sagði frá enskri flugvél, sem skotin hafði verið niður yfir Berlín. Í henni voru tveir menn, og fórust báðir. Rétt um það leyti var Dowding lávarður á miðilsfundi og þar kemur þá fram annar flugmaðurinn. Pess má geta, að lávarðurinn var þá ekki í einkennisbúningi. Hann talaði við hinn látna flugmann með aðstoð miðilsins. Kom þá í ljós, að flugmaðurinn vissi ekki, að hann hefði dáið og hélt að hann ætti tal við Þjóðverja, sem kominn var til að yfirheyra sig.

„Þú talar ensku alveg reiprennandi“, sagði hinn framliðni, en ég gef þér engar upplýsingar“.

„En ég er Dowding flugmarskálkur“, sagði lávarðurinn þá.

„Og ég er Cunningham, hinn frægi siglingagarpur“, svaraði hinn framliðni hæðnislega. „Annars þarfutu ekki að skipta þér neitt af mér, því að Rauði krossinn kemur hingað bráðlega. Pað er allt í lagi. Pað hafa verið sendir menn til að sækja mig, og með þeim er yndisleg hjúkrunarkona, með henni ætla ég að fara“.

Síðan kom það upp úr kafinu, að þessi hjúkrunarkona var fyrr kona Dowdings lávarðar, en hún var dáin fyrir 24 árum og flugmaðurinn hafði aldrei þekkt hana.

Síðan stríðinu lauk hefir Dowding lávarðar verið einn meðal helztu spíritista þar í landi. Hann hefir flutt erindi viða og í fyrra kom út bók eftir hann, sem heitir „Many Mansions“ og er talin meðal öndvegisrita spíritista. Þar leggur hann áherzlu á að sanna, að allt sé lögmálsbundið í alheimi, þar ráði lífslög og efnislögmál. „Fyrir hálfrí öld gizkuðu vísindamenn á, að minnsta frum einföld í heimi væri atómið, og það væri hart sem tinna og svo lítið að það sæist ekki nema í beztu smásjám. Nú vita þeir með vissu að atómið er til, en þeir fóru villir vegar um eðli þess. Nú er kunnugt, að það er sérstakt sólkerfi, þar sem jákvæðar og neikvæðar rafeindir þeytast með ofsahraða eftir ákveðnum brautum. En ef þú spyrð svo vísindin hvað rafmagn sé, þá geta þau ekki svarað því. Heimsmynd vísindanna er nú orðin sú, að efnið hversu hart sem það sýnist vera, er ekki annað en rafeindir, sem eru stöðugt á fljúgandi ferð. — Petta sýnir að allt er lögmálsbundið og ekkert „yfirnáttúrulegt“ er til. Vér notum það orð, þegar oss brestur skilning“.

Hann birti svo margar sögur um samband við framliðna sem hann telur eiga heima í efnisheimi. Skilningur á þessu ætti að verða til þess, að menn hér á jörð búi sig betur undir það líf, sem framundan er.

Guðmundur Jónsson á Kópsvatni sendi mér þessa grein, sem birtist í Morgunblaðinu 22. sept. 1968.

Ritstj.

„Guðirnir á Síriusi“

eftir K. O. Schmidt

Magnar

(Frambald úr síðasta blaði).

Nótt eina skömmu síðar lá ég lengi hálfvakandi í rúmi mínu, og í hinni daufu skímu náeturinnar beindust augu míni stöðugt að sérstökum bletti á vegnum. Mér sýndist bletturinn vera lýsandi, en síðan fór hann að skjóta gneistum, og varð svo að ljósi sem bylgjaðist til og frá með sívaxandi hraða. Loks náðu augu míni ekki lengur að fylgjast með snúningi eldkringlu þessarar á sporbrautarflugi hennar.

... Fyrirvaralust breyttist þessi logandi kringla í risavaxið ljósauga, sem með tilliti sínu virtist beinast inn að sjálfu sér og seiddi mig þannig til sín ...

... Nú endurtók sig þetta heljarstökk mitt niður í hið dimma tóm — þangað til fjarlægir ljósdeplar tóku að skína mér í myrkrinu, og sá ég þá, að til allra átta voru hafsjóir stjarna.

En í þetta sinn var ég ekki einn, því að rödd sem ég var farinn að kannast við, fór að hljóma fyrir heyrn minni: „Óttastu ekki, þó að þú farir nú að skynja óravegu geimsins, og stærð þeirrar yfirvetrarbrautar, sem þú tilheyrir.“

Skyndilega var eins og ég færi að horfa gegnum milljónir augna, sem hvert fyrir sig hafði annað útsýni til heims og geims en öll önnur. Samtímis færði sjón míni — eða meðvitund míni — sig út, nært í hið óendanlega:

Það sem hafði verið að breiða úr sér út um alla geima eins og fíngerður blæjuvefnaður — vetrarbraut okkar með sínum hundrað milljónum sólna — skrapp nú saman í mikla eldkringlu, sem síðan fór einnig að dragast saman og varð á stærð við barnshnefa. Enda sást nú, að nálægar vetrarbrautir af líkri gerð mynduðu með henni sameiginlega heild, sem var hluti yfirvetrarbrautar nokkurrar, sem ég gat þó ekki gert mér nánari grein fyrir.

... En einnig þessi yfir-alheimur tók að dragast saman í sérstaka stærð, og mynduðu þær stærðir aðra heild enn stærri, sem gaf mér þann grun, að hún væri sem lítil sameind í líkama ofur-verundar eða guðdómsins.

Ég hafði grun af því, að taugabrautir mikillar veru lægju um víðáttur yfirgeimsins, og á sekúndubroti brá því fyrir í huga mér, að sjálfur væri ég ekki annað en hugsanaleiftur frá heila þessa yfirgeims.

Ég veit ekki hversu oft þessi víkkun vitundarsviðsins endurtók sig, — til þess að ná yfir sífellt stærri heimsheildir, svo að það var hugsun minni ofurefli að ráða við það, sem fyrir mig bar. Því að sveifla útþenslunnar virtist — eftir kyrrðarstöðu sem stóð yfir nokkrar sekúndur, eða áramilljarða — taka að snúast við, svo að á eftir hinni stórkostlegu útþenslu kom samsvarandi jafn furðulegur samdráttur — unz mér varð aftur litið í augu *Samana*, sem stóð þarna rétt hjá mér, og mér varð ljóst, að öll þessi eilífðarreynsla hafði ekki varað lengur en svo sem augabragði næmi.

En þar sem ég nú var staddur, sá ég enn hina kyrru birtu fjarlægra sólna, sem mynduðu sömu stjörnumerki og þau sem mér voru kunnug af himni jarðar vorrar, og var aðeins eitt þeirra sem ég á annað bord veitti athygli, nokkuð að ráði breytt, en það var Órion og Hundsmerkið stærra ...

Og þá skynjaði ég enn með hug mínum og hjarta rödd *Samana*:

„Með afluvaði þínu ert þú nú orðinn hluti af hjarta alheimisins. Því að hvar sem þú ert, þá ertu miðdepill þessa alheims. Á ómælisvegum geimsins ert þú hvergi einn og yfirgefinn: allsstaðar er hið Eilifa í sjálfum þér, með þér og umhverfis þig. Hvar sem þú ert, ná til þín ástúðlegar hugsanir óteljandi einstaklinga og heilda. Hvar sem þeir eða þær kunna að vera staddir á þróunarbraut sinni, þá beinist öll viðleitni þeirra og þrá að sama takmarki í eilífðinni.“

Hugur minn svaraði með glöðu bragði: „Hversu voldugur er her allra stjarna! Við Jarðarmenn höfum að mestu vanrækt að efla með okkur tilfinninguna fyrir mikilleika heimsins, sem blasir við, þegar við lítum til himins. Og þó að við lítum þangað eru það aðeins nokkur þúsund sólir, sem við sjáum ... En hér, í einmanaleika geimsins, verð ég var við ótölulegan grúa sólna, og hef hugmynd um milljarða jarð-

stjarna, sem ganga umhverfis sólir sínar og um óendanlega margþætt *líf*, sem er *mér* í eðli sínu skylt. Hverju skipta hinar smáu sorgir og nauðir, hinn hverfuli sársauki eða nautnir jarðlfsins, í samanburði við hina ólysánlegu fyllingu alls lífs á hinum framsæknu stjörnum?

Mér fannst ég ekki vera annað en dagfluga, svo sem allir aðrir jarðarbúar — eins og einhver lítilsverð örögn í alheimi. En um leið og hugsanir Samana streymdu til míni, jókst mér þróttur og þor, og mér varð ljóst, að þrátta fyrir vesaldóm sinn bæri maðurinn guðlegan neista í brjósti sér, sem gerði honum kleift að skynja mikilleika heimsins, að gera sér grein fyrir sambandi sínu við stjarnlífð og fyrir hlutverki sínu á jörðunni.

Ég fann, að þar sem ég sveif í hinni rúmgóðu kirkju alheimsguðs, var ég sjálfkrafa nálægt *Honum*, sem kallað hefur allar stjarnfylkingar fram á leikvöll tilverunnar. Mér var sem ég heyrði sjálfan huga veraldanna tala, í kyrrð óendanleikans, greinilegar en í glamranda jarðarinnar, og að hann væri að segja mér frá öryggi alls lífs í faðmi hins óendanlega verundar.

Í minni mínu um það, sem fyrir bar, kunna að vera ýmsar eyður, því að þegar ég vaknaði aftur til vitundar um það, að Samana stóð frammi fyrir mér, stóðu tveir Magnar aðrir hjá honum, og streymdu hugsanir þeirra til míni og um mig.

Mér varð undireins ljóst að annar þeirra hét *Turiya*, og að aðalstarf hans væri að vera nokkurskonar ‘Xenopsychobiologe’, eða fræðimaður um ólíkar verur í alheimi; en hinn, sem nefndist *Ljana* — nafn hans þýðir „Kosmomoderator“ (þ. e. stillir eða gætandi þess að lögmál heima séu haldin) — gaf mér að skilja að nöfn þessi fælu þó ekki í sér neinar takmarkanir, þar sem hver Magni, starfsamur á margvíslegan hátt, hefði jafnan á hendi margföld störf — heldur þýddu þessi nöfn aðeins það, sem mest einkenndi störf hvers þeirra.

Þessi aðal-eðlissérkenni birtust einnig í andlitssvip hinna þriggja: Par sem ég sá á svip Samana, að hann var eins og ímynd viljaafslvæðis með óendanlegu áhrifasvæði, fannst mér að Turiya byggi yfir vizku, sem sæi gegnum alla leyndardóma lífsins, en að *Ljana* væri eins og nokkurskonar hugsandi reiknivél ofar öllum reikningi, sem með hugaráhrifum sínum næði að beina fram stefnu viðburða og senda mönnum vekj-

andi hugsanir. Samankomnir komu mér þessir þrír fyrir sem lífrænir byggingameistarar, sem létu hugarkrafa og efnivið örлага vinna saman að því marki, sem vilji þeirri stefndi til.

En sú hugsun, sem enn skaut upp fyrir mér, að ég væri svo lítt í samanburði við þá, var undireins kveðin niður:

„Einnig þú átt í þér, svo sem allir þínir líkar, vísi til guðlegs sköpunarmáttar, enda þótt slíkir möguleikar séu hjá ykkur að mestu leyti ónotaðir. Eftir því sem þið þroskizt fram á leið mun hugarorka ykkar verka til að hvetja og hraða þróuninni. Og síðar munuð þið komast að raun um, hvernig verurnar í alheimi hafa sambönd sín á milli, og munuð gera ykkur fullkomlega ljós þessi beinu samskipti eins hugar við annan, sem fram að þessu hefur vafizt svo fyrir ykkur að skilja og viðurkenna. Yfir takmörk rúms og tíma munuð þið stofna til sambands við skyldar verur eða mannfélög annarsstaðar í geimnum“.

„En gagnstætt því sem við mennirnir erum enn“, hugsaði ég, „eruð þið Magnar þróttöflugir hugsuðir og listamenn viljans, þar sem hugsun okkar og viðleitni skortir enn raunverulegt markmið. Þó er það hamingja míin, að þið skulið hafa gefið mér tækifæri til að fylgjast með hugsun ykkar. Mér hefur af því orðið ljóst, hve síðir ykkar og lífarni eru á háu stigi, og að þar er eicingirni óhugsandi, því að hver hugsun er undireins komin til allra annarra . . . Mig þyrstir beinlínis í að kynnast jörð ykkar og lífi enn betur.“

Það var sem Magnar brostu við mér um leið og þeir höfðu numið hugsun mína, án þess að ég væri farinn að orða hana.

* *

. . . Án þess að nokkur segði mér, varð ég þess var, hvernig fór að skapast fyrir hugssjónum mínum mynd af allri veröld og sólhverfi Magnanna. Sól þeirra, *Jíva* og litla systursólin, *Anú*, sem jarðstjörnur sveimuðu um, gengu báðar á löngum tíma um sameiginlegan þyngdarpunkt nærrí *Jíva*. Ég tólk svo eftir, að ein slík umferð beggja sólna tæki fimmtíu ár.

Reikistjarnan *Magna* virtist samtímis þessu ganga um báðar sólirnar á braut, sem líktist tvílykkju eða 8 og var sífellt að breyta um afstöðu. En nú voru Magnarnir að koma til míin, og skildist mér þá, að um tvenniskonar nót og tvenniskonar dag væri hjá þeim að ræða: ‘Aldegi’, þegar *Jíva* og *Anú* eru báðar ofan sjóndeildarhrings; en ‘hálfdegi’ þegar *Jíva* er ein

á lofti; en ‘hálfnætti’ þegar Anú sést ein, og ‘alnætti’ þegar báðar lýsa hinum gagnstæða helmingi hnattarins. Þó tókst mér ekki að gera mér fulla grein fyrir hreyfingum hnattanna í þessu tvísólhverfi.

Það sem mér þótti einna athyglisverðast í framhaldi af þessu, var, að heimskautasvæðin voru með öllu án ísa og snjóa, og að gróður var þar hinn sami og í öðrum beltum hnattarins.

Við hugsuðum spurningum mínum fékk ég þegar í stað þau svör, að um óraaldur hefðu Magnar ráðið svo fyrir þróuninni, að sömu veðurskilyrði og vaxtarskilyrði væru um allan hnöttinn; að hin rauðgrænu gróðursvæði, sem teygðust hvarvetna meðfram vötnum og skurðum væru ekki eiginlegir skógar, heldur geysilega víðir og þroskamiklir garðar, og væru hin teningslagu glerhús þar á hverju strái, en þau væru bústaðir og vinnustaðir hinna ágætu Magna.

* *

Fróðleksfýsn míni kann að hafa leitt til einhverra hrað-flutninga milli staða, og þess, að skipt var um útsýnisstað: því skyndilega var ég ásamt Mögnunum þremur staddur í hinu ævintýralega plönturíki plánetu þessarar — og blöstu þar við augum risavaxnar plöntur sem minntu nokkuð á kaktusa, en virtust breyta um lit, allt eftir því hvaðan var á þær horft. Svo furðulegt var skraut þeirra á alla vega, að einungis við draummyndir er því hægt að jafna.

Við hlið trjástofna, sem stráðir voru smáblómum, sá ég rauðar sveppkenndar plöntur, og aðrar sem líktust kross-fiskum, en lifandi vafningsjurtir vaxnar vínberjum teygðu sig hvarvetna á milli. Aðrar plöntur voru með þroskamiklum, skjannahvítum blómum, sem minntu á rjómaískúf eða gljáandi postulínshnúð. En á aðra hlið sá ég geysimikil, margra metra há gróðurbákn, sem jafna mátti við háa hamra með gjám og gljúfrum, og voru þó blómstrandi líkt og kóralla-samfélög.

Jafnframt því sem hugur minn hreifst af lífmyndum, litum og ilmi þessa undraríkis, varð ég mér þess fyllilega með-vitandi, að Magnar beindu sín á milli — og einnig til míni — hugsunum sínum og vakti þetta mér þegar í stað spurningu um það, hverskonar tungu þeir töluðu.

Undireins fékk ég það svar, að samtal og upplýsingamiðlun

færi fram á þrjá vegu: Með skeytum beint frá huga til huga, og óbeint, með rituðu og tölzuðu máli.

Þetta samtal frá huga til huga, sem er óháð fjarlægðum, líktist nokkuð því, sem menn kalla „að tala við sjálfan sig“, „hugtal“, eða „eintal hugsans“. Það er: þegar meðvitund okkar virðist skipta sér í tvö eða fleiri „égg“, sem síðan eiga samtal sín á milli — en aðeins með þeim mun, að hjá Mögnum er um samtal margra að ræða.¹⁾

Þar sem Magnar sendast á hugsendingum um hvað eina sem þeim er mest í mun, þá eru *töluð orð* þeim aðeins tæki til að miðla upplýsingum og til leiðbeiningar eða uppeldis, en *ritað mál* hafa þeir til að miðla þekkingu. Eins og til að *áréttu* það, sem mér hafði í þessu efni skilizt, greip Samana hendi sinni út í loftið, og viti menn, heldur hann þá ekki á einhverri hillu eða skúffu í hendinni, sem hann sagði hafa að geyma „plöntuuppeldisfræðilegt“ verk Turiya — og, hafi mér rétt skilizt, var það verk um ‘örvun ljós-efnafræðilegra hæfileika sumra til myndunar nýrra vaxtarefna’.

Hilluna, sem auðsæilega var hvortveggja í senn, bók og lestrarútbúnaður, kallaði Samana raunveru- og vitneskjusjá eða ‘ontóskóp’, og þegar hún opnaðist, fór ég að sjá eins og dreifð, stutt, marglit strik í henni. En Turiya sagði þetta vera lögmál, stærðfræðijöfnur og ‘hugmyndahraðritunartákn’. Mér skildist, að það sem á jörðunni tekur yfir heila síðu í góðri kennslubók, kæmi hér fram í mynd lítils, marglits línu-rits, sem skipar hinum flóknustu samböndum hluta og fyrirbæra saman í einföldustu frumþætti máls og myndar.

Og óskin ein í huga þess, sem lesa vildi, virtist nægja til þess að hver síðan eða kaflinn í verki Turiya á eftir öðrum kæmi í ljós.

Þegar Turiya lét mig nú heyra eina setningu sagða á fjöhljómatungu Magna, varð ég sem drukkinn af þrótti hugsunarinnar, sem steypist yfir mig án þess að ég gæti gert mér

¹⁾ Parna kemst höfundurinn furðu nærrí sannleikanum um „skiptingu meðvitundarinnar“ sem sálfræðinni hér á jörð hefur orðið svo tildrætt um, án skilnings á aðalatriði („hugklifi“, „kleyfhlugi“ o. s. frv.). Er athyglisvert, að það er í stjarnfræðilegu samhengi, sem hér er farið nær hinum rétta skilningi. Samanber einnig „bingið í huga mér“ hjá Brynjólfvi heimspekingi á Minnanúpi. Aths. þýð.

grein fyrir henni. Það sem eftir varð í huga mér, var hrifningarkennd tilfinning fyrir hljómfegurð hinnar ókunnu tungu. Það var víst hljómfegurð málsins — og öll þau blæbrigði sem hún gaf til kynna — sem vakti mér forvitni um það, hvernig hljómlist Magna væri háttáð. Óðara en hugur minn hafði hvarflað í þessa átt var spurningunni svarað, og var það *Ljana* sem létt fingur sína hreyfast eins og eftir hljóðfalli, svo að fram komu töfratullir samhljómar, sem hann nefndi „Sólnaljóð Magna“ og skal nú reynt að lýsa því að nokkru.

Yfirjarðneskur himnakliður, sem bjó yfir furðulegri draumfegurð, leið um loftið, og mér fannst eins og lágor ómur frá fjarlægum klukkum blandaðist klökkvanum frá þúsundum fiðla ásamt voldugum hljómi margra víbrafóna og varð úr þessu einhver ólyisanlega hrífandi alheimshljómkviða.

... Og jafnframt því sem tónaflóð þetta virtist koma neðan úr botnlausu djúpi og stíga upp í óéndanlegar hæðir, birtist fyrir sjónum mínum mynd hinnar björtu sólar *Jíva* sem var umkringd þúsundum leiftrandi stjarna og bylgjaði ljósi sínu til nærliggjandi reikistjarna, lífi þeirra til næringar og margföldunar.

... Eins og tónar frá voldugu hljóðfæri streymdu þakkir lífveranna fyrir geislagjafir sólar þessarar um vegu geimsins og til hinnar sömu sólar að nýju. Lífið gladdist af því að vera af ljósi fætt og af því að kannast við sólareðli sjálfs sín, og allrar veru.

... Í voldugum ölduföllum, þar sem þúsundir skærra radda virtust segja frá gleði sinni í söng, lauk þessu sólnaljóði, sem boðaði eilífðarvissu öllu hinu ljósborna lífi. Svo þögnumdu þessir tónar eins og þeir drægju sig til baka út í auðan og tóman geiminn.

En nú var eins og Samana fyndi á sér, að áhrif hinna voldugu hljóma væru mér ofviða ...

Ég varð þess líka var, að hann taldi mig ekki þess megnugan að veita meira af slíku viðtöku, og létt hann nú staðar numið. Enda hætti hann nú að beina þessu til míni, og ég skynjaði hvernig dimmt og þögult varð umhverfis mig ...

Á sömu stundu mun ég hafa verið að vakna til líkama míns í rúmi mínu. Með undrun í huga opnaði ég augun og sá, að morgunn var á lofti.

(*Framhald*).

P. G. þýddi.

VEGVÍSIRINN

(Heinz Binde)

Nú yfir grúfir alkyrr nótt
og allir fuglar sofa rótt.
Ég stend við akur, stöngull hver
þar styður aðra og kornax ber.

Ég varla nokkra vegi sé,
allt vefst í í rökkri og skógarhlé,
samt yzt í vestri, ofar hól,
sést örveikt roðablik frá sól.

Hér stendur vegavísir kyrr.
Hann veit nú lítt, ef einhver spyr,
en víesar burtu vítt — á tind?
Hans vegsjón öll á jörð er blind.

Vér drögumst fram af dauðans seið
um dímma og ókunnuga leið.
En hverfi gjörvalt hérrna og þarrrna,
vér höfum opna sýn til stjarna.

Lauslega þýtt af P. J.

Í POKU

(H. Hesse).

Raun er í þoku að ráfa.
Hver runni er einmana og steinn,
því sérhver sér lítt til annars,
í svefnmóki hjarir einn.

Ég hitti hvarvetna vini,
í heiði er sólin skein.
Svo þyngdi, og í þokunnar ríki
mig þekkir ei sála nein.

Hve sannlega sá er lítt reyndur,
er sorginni kynntist ei neitt
og aldrei óréttinn þoldi
né einmanans för hefir þreytt.

Raun er í þoku að ráfa.
Hið rétta þar enginn sér
og enginn þekkir þar annan,
svo einmana sérhver fer.

Lauslega þýtt af P. J.

Sambandsfundir

Miðilsfundur að Hellisholtum 26. okt. 1978

Seinni hluti (brot, en samfelldur kafli).

Sölví (Sveini): Jæja, þetta er svo stirt svona í fyrstu. Ég er Sölví (raul og söngur).

Fundarmaður: Pekkir þú þetta fólk hérna?

(Meira raul og söngur) Andrarámur (hlátur). Þær eru skemmtilegar, að kveða.

Fundarmaður: Ert þú frá þeirri tíð þegar þær voru kveðnar?

(Hlátur) Nú eru menn minni rímnavinir en þeir voru á minni tíð á Íslandi (raul). Ég skal ekki segja hvað verður síðar, það getur lagast, en þið eruð víst ekki að hugsa um það sérstaklega hér að vísu. En ég er sífellt að hugsa um það, rímur og kveðskap.

Fundarmaður: Var það kraftformið hjá ykkur?

Það má segja um andann sem fylgdi þessum rímnakveðskap þjóðarinnar í ýmsar áttir. Já, já. Ljómandi skemmtilegt um að litast þar sem ég er, á minni framlífsjörð, sólin hátt á lofti og hið fugursta veður, yndislegur ilmur af blómum og grasi. Afarmikil birta og fugurð hér, dásamlega fagurt veður, og hér er með mér hópur af konum í skrautklæðum má segja. Allar eru þessar konur íslenskar, ein þeirra ber þó af þeim öllum og það er eins og þessi hin furðulega kona sé ekki mannleg í raun og veru, heldur guðleg vera. Ég held ég megi segja, að þetta sé heimsókn til mín hér, lengra að.

Það er ekki af mínum hnetti, þetta fólk, það er komið til mín í heimsókn. Stjórnar hún þessum hóp, þessi kona, sem er svo miklu dýrlegrí, en ég get lýst með orðum. Nú sé ég, að hún hefur í hendinni einhverskonar grip eða hring, það geislar af honum, þessum hring. Hún beinir honum að mér, ég finn nú að frá honum streymir til mín kraftur. Svo er eins og allt í einu komi fram einhver vera önnur þarna. Hún er enn bjartari og fugurri en þessi sem ég minntist á, og sú vera er klædd í purpuraklæði og hún hefur eins og kórónu á höfðinu, gimsteinum setta. Allir eru steinarnir með ljómafegurð. Nú hefur mér verið sagt að þessi vera sé foringi mannkyns annars hnattar.

Fundarmaður: Ertu staddur í stjórnusambandsstöð?

Miklu fullkomnara mannkyns en míns. Það er með heimsókn þessari ákveðinn tilgangur, að mér er nú sagt, því það á að reyna að hjálpa hér hjá ykkur frá þessum hnerti með geislunum, ákaflega öflugum geislunum, og þeir sem stjórna þessum geislum eru milljónir margar samstilltar á þessum hnerti. Munu þeir senda kraft, til jarðar ykkar. Sú vera sem kórónuna ber, og purpuraklæðin fögru, stjórnar þessari tilraun þeirra lengra komnu. Eflaust vilduð þið nú fá meira um þetta að vita, en ég er ekki viss um, að ég geti meira að svo stöddu til upplýsingar um þessar verur sem nú hafa hér birst mér í ljósi miklu. Það eru skilyrði hér ákaflega furðuleg til móttöku gesta af enn fullkomnari hnöttum, og eru þau skilyrði æ batnandi hjá okkur. Afleiðingarnar af því æ nánara sambandi sem við njótum uppávið eru óumræðilega dýrðlegar. Ég get ekki sagt annað en það. Lífafsvæði hnattarins alls eflist æ meir og fyrir æ meiri orku lengra að komna frá enn fullkomnari hnöttum, eins og hver einstakur öðlist þátt í guðlegu lífi. Munuð þið geta á ykkar hnerti einnig orðið þess sambands aðnjótandi við hin æðri tilverustig í alheimi. Það veit ég, að með því að skapa skilyrði fyrir fullkomnara samband, getur ykkar jörð — og dauðinn orðið sigraður, þó ekki þýði það að ekki verði um flutninga að ræða frá ykkar jörð á aðrar jarðstjörnur, heldur muni hrörnun og aðrir sjúkdómar hverfa. Ég læt nú þetta nægja, takk fyrir, verið sæl.

Síðan kom dr. Helgi fram og sleit fundi.

*Garðar Olgeirsson skrásetti
eftir segulbandsupptöku.*

Miðilsfundur 20. desember 1971

Ullur (Sveini): Þið munuð komast við mig úr ykkar fornu ritum, og aðra kallaða öðrum nöfnum, einu nafni kallaðir Æsir og Ásynjur. Af mörgum er það þó ekki talið til sannra sagna. Peir þyrftu að kanna þetta sem best og láta sér skiljast, að það er ekki bara hugarburður, það sem sögur þessar segja um Æsi og Ásynjur, því sögur þessar hafa myndast fyrir sambönd. Peir þyrftu að gera sér glögga grein fyrir, hvað þetta þýðir fyrir þjóð ykkar, ef samband við Æsi yrði tekið upp, og það er hættulegt að ganga fram hjá þessu algjörlega og láta svo, sem þetta skipti engu máli. Ég vona, að þið verðið sterk og að skilyrði skapist til að efla þjóð ykkar. Þetta er stórbýðingarmikil tilraun, meiri

en hægt er að segja að þessu sinni, fyrir framtíð hnattar ykkar og fyrir mörg mannkyn önnur, ef þetta mál nær fram að ganga. Helstefnan setur mark á fjölda mannkynja. Verið sæl.

Freyja (Sveini): Freyja. Hugsun mína til stöðvar ykkar er sú að geta magnað fundi og hjálpað ykkur með orku minni í ykkar viðleitni til að samstillast á hverjum fundi öll, og á ykkar fundum þyrftuð þið að geta náð í líforku, sem nægi til þess, að við getum látið ykkur skynja í hvert sinn þá, sem þið fáið samband við í stöð ykkar. Er nú leitast við að senda héðan orku og mun verða svo, að við getum talað við hnött ykkar skýrar og látið ykkur taka á móti mun skýrar en áður. Í framtíðinni stefnum við að því, að þið megið sjá furðulega fagra gesti, þar er slíkt er mögulegt, þegar skilyrði hafa eflst. Og nú, þegar ég segi þetta, finnst mér sem þið getið fundið kraft fylgja þessum orðum mínum og þið megið treysta því, að við stöndum með ykkar stefnu og gerum það sem mögulegt er. Allur máttur fer til að auka sambönd ykkar. Því megið þið treysta. Verið sæl.

Baldur (Sveini): Það er stefnt að vaxandi og traustu sambandi við ykkur og þjóð ykkar og hnött. Viðleitni til að greiða fyrir ykkur. Mannkynið þarf að stefna í þessa átt, að auka samband við aðra hnetti og líf á öðrum hnöttum. Það er nú vandinn mikli, að vitka manninn og auka skilning hans á tilverunni, svo viðleitni hans í öllum hlutum sé til fullkomunnar og framfara. Það er samstilling, sem allt veltur á, til að ná samböndum við vini og frændur á öðrum hnöttum.

Hrafnkell Freysgoði (Sigurði): Nú tókst vel, að samband við Ingólf var nokkuð skýrt og óhindrað. Nú ríður á miklu, að framhald verði og að fundir ykkar geti orðið nógu magnaðir af orku þeirri, er ykkur er send víðsvegar að.

(Sveini): Það er nú ekki orðið mjög hægt að tala við ykkur enn um aðrar stjörnur, eins og hugur hefur þó staðið til. Mun þó koma fram sá kraftur, að slíkt takist. Það sem ég nú starfa við á hnetti mínum, með öðrum, er að reyna að senda kraft til lífstjarna líkt á vegi staddir og ykkar jörð. Mikil viðleitni er til að hjálpa mörgum víða í vetrarbraut ykkar. Þetta er erfitt, svo líkast er, sem þetta sé óvinnandi, þó ekki alstaðar. Það eru þær stjörnur, sem líkt eru á vegi staddir, sem þörf er á framförum. Þetta skal samt takast. Verið sæl.

*Ingvar Agnarsson,
ritaði jafnóðum og talaðist.*

ASTROBIOLOGY

eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrirsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLÁ ÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Tunglið (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls.	110
Dæmi lífssambanda og lífmagnsfyrirbæra P. J.	—	111
Söknudur G. G.	—	116
Sambandsþættir K. N.	—	117
Svar við gagnrýni o. fl. P. J.	—	124
Til Burdlíks	—	127
Neues Denken — Ný hugsun P. G.	—	128
Porir að trúá á framhaldslíf G. J.	—	129
„Guðirnir á Sírusi“ eftir K. O. Schmidt	—	131
Magnar	Bls.	131

LJÓÐ:

Vegvísirinn H. B.	—	138
Í þoku	—	139

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur að Hellisholtum 26. okt. 1978 (Brot)	—	140
Sölví.		
Miðilsfundur 20. des. 1971	—	141
Ullur. — Freyja. — Baldur. — Hrafnkell Freysgoði.		

MYR:

Kjarnyrði úr Grettissögu	—	115
Kjarnyrði úr ritum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum	—	123
Astrobiology P. G. (Auglýsing)	—	143